



Reykjavík, 5. febrúar 2026

MSS26020009

ívs

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 3.2.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um skoðanakönnun meðal íbúa um bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins:

Borgarstjórn samþykkir að láta framkvæma skoðanakönnun á meðal íbúa um bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar.

Greinargerð fylgir tillögunni.

- Kl. 17:03 vikur Hjálmar Sveinsson af fundi og Birkir Ingibjartsson tekur sæti.

Samþykkt að vísa tillögunni til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs með 22 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Viðreisnar gegn einu atkvæði borgarfulltrúa Vinstri grænna.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Framsóknar telja mikilvægt að fá álit borgarbúa á bíla- og hjólastæðastefnu borgarinnar til þess að geta metið hvaða leið eigi að fara þegar kemur að breytingum á núverandi stefnu. Ákvörðun meirihlutans um að vísa tillögunni til umhverfis- og skipulagsráðs og umræða meirihlutans gefur þó til kynna að það eigi ekki að láta framkvæma skoðanakönnunina. Þá gefur orðræða meirihlutans ekki til kynna mikinn vilja meirihlutans til að breyta reglum borgarinnar um hjóla- og bílastæði.

Dís Sigurgeirsdóttir
e.u.

Hjálagt:

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins



Reykjavík



Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um skoðanakönnun meðal íbúa um bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar

Borgarstjórn samþykkir að láta framkvæma skoðanakönnun á meðal íbúa um bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar.

Greinargerð

Tilgangur tillögunnar er að tryggja að stefna Reykjavíkurborgar njóti stuðnings íbúa og endurspegli þarfir og skoðanir þeirra á bíla- og hjólastæðum í Reykjavíkurborg. Markmið núgildandi bíla- og hjólastæðastefnu er að fækka bílastæðum og fjölga hjólastæðum, sérstaklega á nýbyggingarsvæðum. Stefnan er umdeild og eðlilegt er að kanna viðhorf íbúa til hennar. Markmið skoðanakönnunarinnar er í fyrsta lagi að auka samtal við íbúa. Skoðanakönnun veitir íbúum tækifæri til að tjá skoðanir sínar og lýsa viðhorfum sínum til þeirrar stefnu sem borgarstjórn hefur samþykkt.

Í öðru lagi að draga fram skýrari mynd af skoðunum íbúa. Skoðanakönnun skilar sér í auknum gögnum um skoðanir og þarfir íbúa eftir hverfum borgarinnar. Það auðveldar borginni að taka upplýstar ákvarðanir og móta stefnu sem tekur tillit til raunverulegra þarfa og óska íbúa.

Í þriðja lagi að fá fram gögn sem nýtast í framtíðarstefnumótun í málaflokknum. Könnun veitir innsýn í hvernig íbúar sjá fyrir sér bíla- og hjólastæði í framtíðinni. Þannig er betur hægt að móta skynsama bíla- og hjólastæðastefnu til framtíðar.

